



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 4. október 2017



## Áttundi fundur 60. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 4. október 2017 kl.12.00

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðjón L. Sigurðsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjalti Þór Hreinsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Jakob Sigurðsson og Þorbergur Aðalsteinsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Enginn

Fjarverandi: Enginn

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Starfsmannamál  
RG kynnti þær breytingar sem hafa átt stað á skrifstofunni. Bjarki Sigurðsson hefur verið ráðinn markaðsstjóri HSÍ og Einar Guðmundsson hefur verið ráðinn afreksstjóri HSÍ. Lýsti stjórn HSÍ yfir mikilli ánægju með hvernig til tókst.
3. Landsleikirnir við Svía  
Landsleikirnir við Svía verða 26. og 28. október nk. Leikurinn á fimmtudeginum verður kl.19.30 og leikurinn á laugardegnum verður kl.14.00. Vandamál er með húsnæði fyrir leikinn á fimmtudeginum en ÍBR hefur sagt Laugardalshöll vera upptekna á fimmtudeginum. RG vinnur það mál áfram.
4. Markmannspjálfun fyrir landslið  
Óskað hefur verið eftir að ráða erlendan markmannspjálfa fyrir HSÍ. Roland Eradze verður með karlaliðin í vetur og Davíð Svansson með kvennaliðið. Ákveðið var að fara varlega af stað í þessum efnum og hefja vinnuna í janúar með markmannsnámskeið hér heima fyrir þá pjálfa sem eru hér. GBO og RGG munu taka skrefin áfram varðandi samninga við pjálfa.
5. Bréf frá FH vegna landsliðspjálfa og svar frá Val  
GBO rakti málavexti. Stjórn telur ekki ástæðu til að grípa til aðgerða miðað við fyrirbyggjandi gögn. DBG mun útbúa svar til FH.
6. Ályktun frá stjórn HDSÍ  
GLS rakti málavexti og fór yfir sjónarmið dómarnefndar í málinu. GLS vék af fundi meðan stjórn HSÍ fjallaði um málið. Stjórn HSÍ felur formanni laganefndar að koma með tillögu af bættum viðmiðum fyrir dómara sem lagðar verða fyrir formannafund HSÍ.
7. Útgáfa keppnisleyfa fyrir leikmenn utan EES  
GBO og RG fóru á fund með Útlendingastofnun og er ferillinn þar á þá leið að svar berst ekki fyrr en eftir 3-4 vikur. GBO lagði til að HSÍ breyti reglunum á þá leið að keppnisleyfi verði útgefið ef umsókn hefur verið lögð inn. Um yrði að ræða bráðabirgðarkvæði þar til samþykkt hefur verið flýtimeðferð á umsóknum hjá Útlendingastofnun. Jafnframt yrði heimild til að afturkalla leikheimild sinni félag ekki



skyldum sínum. Stjórn HSÍ felur laganefnd að koma með tillögu að breytingu á reglugerð um félagaskipti og samninga.

8. Hópfærð á EM og miðamál fyrir leikmenn

RG kynnti hópfærð sem farin verður á EM í Króatíu og er komin í almenna sölu.

9. Viðburðardagatal

RG kynnti þá viðburði sem eru framundan

10. Önnur mál

- a. Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 1.nóvember kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari